

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2018
UST201804-093/R.K.
08.14.00

Efni: Matsskyldufyrirspurn – Niðurrif togarans Orlik í Helguvík. Umsögn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst dags. 9. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að rífa niður togarann Orlik í fjörunni í Helguvíkurhöfn. Úrgangur sem fæst vegna niðurrifsins er; brotajárn, asbest, pappi, plast, frauðeinangrun, olía ásamt öðrum spilliefnum eins og lýst er í greinagerð (bls. 4-5). Megin hætta við framkvæmdina er í formi olíu- og efnamengunar í jarðvegi fjörunnar og annarrar efnamengunar við ströndina, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á lífríki svæðisins, auk mengunar hafis. Þá er umtalsvert magn af asbesti í togaranum sem ber að varast sérstaklega.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 64. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndun úrgangs, er niðurrif skipa >500 brúttótonn að þyngd starfsleyfisskyld starfsemi hjá Umhverfisstofnun. Líkt og kemur fram í álitni stofnunarinnar til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja (HES) dags. 26. september 2016, telur Umhverfisstofnun að starfsleyfi verði að jafnaði að vera gefin út fyrir tiltekna aðstöðu þar sem starfsemin fer fram, en dæmi eru um að starfsleyfi hafi verið gefin út fyrir niðurrif tiltekinna skipa. Stofnunin telur að slíkt eigi eingöngu við sé um að ræða einhvers konar neyðarsjónarmið. Umrædd matsskyldufyrirspurn, eins og henni er lýst í greinagerð, fjallar hins vegar einungis um hvort niðurrif einstaka skips í fjöru Helguvíkurhafnar sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisáhrif

Fram kemur í greinagerð matsskyldufyrirspurnar að talsvert magn af hættulegum efnum losna við niðurrif skipsins. Þá má nefna úrgangsolíu, olíumengað efni/vatn, spilliefni frá rafgeymum, própan, freon og asbest. Öll framangreind efni eru að finna í nokkrum tugum eða hundruðum kílógramma (sjá viðauka greinagerðar), og geta valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum ef þau leka í jarðveg eða í sjó. Meðhöndlun slíkra efna á fjörusvæði

sem er ekki sérstaklega búið til slíkrar vinnu skv. alþjóðlegum stöðlum er varasamt að mati Umhverfisstofnunar. Er fjaran innan stærra svæðis sem er mikilvægt sem sjófuglabyggð líkt og kemur fram í greinagerð (bls. 10). Svæðið er á Important Bird and Biodiversity Areas (IBA) lista yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði, og því með aukið verndargildi hvað varðar mengunarhættu að mati stofnunarinnar.

Fram kemur í greinagerð að fyrirhugað er að framkvæma niðurrifið á þéttum dúk með litlu gegndræpi (bls. 3) til að verjast mengun frá skipsflakinu í fjöruna. Mat Umhverfisstofnunar er að umhverfisáhrif við leka olíu, olíumengaðra vökva eða annarra efna, í fjöruna verða alltaf talsvert neikvæð hvort sem sú mengun nær einungis til jarðvegs eða niður fyrir fjöruborð. Bendir stofnunin á að líf er í grjót- og sandfjörum þó svo þar sé ekki að finna gróður á yfirborði og að mengun í fjörunni gæti haft umtalsverð áhrif á lífríki fjörunnar, þar á meðal óbein áhrif á fugla.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 skal fylgja umsókn um starfsleyfi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði 3. gr. reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar og áætlun um viðbrögð vegna bráðamengunar, byggða á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í b-lið viðauka I með lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Því er nauðsynlegt að við útgáfu starfsleyfis til endurvinnslu skipa sé gætt að því að tryggingar, fullnægjandi áhættumat og viðbragðsáætlun séu til staðar. Þá vekur Umhverfisstofnun einnig athygli á því að endurvinnsluáætlun þurfi að vera til staðar sbr. XII. kafla laga um nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Í viðauka greinagerðar má sjá *Áhættumat og Viðbragðsáætlun* um varnir gegn mengun hafs og stranda vegna niðurrifs Olriks (Orliks) í Helguvík á vegum Hringrásar. Er þar að finna töflu yfir helstu mengunarvalda; Viðbrögð við umhverfisslysum/umhverfismengun og neyðarstjórn. Umhverfisstofnun telur að áhættumat og viðbragðsáætlun séu ekki fullnægjandi skv. skilyrðum sett fram í lögum nr. 33/2004, þar sem aðbúnaður mengunarvarna og aðstaða í fjörunni er ekki samkvæmt skilyrðum slíkrar starfsemi. Þá vekur stofnunin athygli á því að áhættumat greinagerðar er ekki fullnægjandi skv. skilyrðum í b. lið viðauka 1 ofangreindra laga þar sem kveðið er á um að fjallað sé m.a. um eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfseminni, fjarlægð starfseminnar frá sjó, og hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.


Áhætta og valkostir

Umhverfisstofnun telur að mögulega falli fyrirbyggjandi framkvæmd undir hafnarmál hvað varðar öryggi innsiglingar flutningsskipa í Helguvíkurhöfn. Þá er eðlilegt að sú hætta sem skapast við flutning og fyrirætlaða staðsetningu niðurrifsins sé metin til fulls áður en framkvæmdir hefjast, m.a. vegna staðsetningu olíugeyma við höfnina. Einnig þarf að meta öryggismál vegna umferðar fólks í nálægð við svæðið, m.a. gönguferða fólks í með hunda sína í nálægð við Helguvíkurhöfn, að mati stofnunarinnar.

Þar sem Orlik er þétt og fært til flutnings erlendis á viðurkennda skipaendurvinnslustöð, telur Umhverfisstofnun að ekki nægileg rök séu færð fyrir því í greinagerð hvers vegna niðurrif skipsins í Helguvíkurhöfn sé besti valkosturinn. Fari umrædd framkvæmd í mat á umhverfisáhrifum, líkt og hér er mælt með, telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að farið verði yfir aðra valkosti en niðurrif í fjöru Helguvíkur, þ.e. flutningur skipsins í viðurkennda skipaendurvinnslustöð erlendis. Sýna verður fram á í matsskýrslu framkvæmdar hvernig fyrirliggjandi niðurrif skipsins í Helguvík sé betri kostur en útflutningur. Telur stofnunin einnig rétt að fjallað verði um möguleika þess að framkvæma niðurrif togarans í slipp eða öðrum húsakosti fremur en í opinni fjöru. Umhverfisstofnun bendir á að í matsferli framkvæmda er mikilvægt að fjallað sé um aðra valkosti á fullnægjandi hátt. Hér er átt við mismunandi valkosti hvað varðar aðferðir og staðsetningar til niðurrifs togarans Orlik.


Niðurstaða

Þar sem aðstæður til niðurrifs skipa, í formi skipaendurvinnslustöðvar, er ekki til staðar í Helguvíkurhöfn, er það mat Umhverfisstofnunar að ofangreind framkvæmd geti valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því háð mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur telur Umhverfisstofnun að starfsleyfisútgáfa fyrir niðurrifi/endurvinnslu skipa eigi við um aðstöðu til slíkrar starfsemi en eigi að jafnaði ekki við um starfsleyfi fyrir niðurrifi einstakra skipa nema um sé að ræða sérstök neyðarsjónarmið.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri